

REGLUR

um bann við notkun á gróðurhryndnum efnum sem innihalda lífræn efnasambönd tins (tribútýltin).

1. gr.

Skilgreining.

Með gróðurhryndnum efnum er í reglum þessum átt við málningu og aðra efnavöru, sem er gróðurhryndin og ætluð er til að hindra gróður og aðar lífverur á ýmsum mannvirkjum undir vatni eða sjó, svo sem botni skips, flotkvíum, veiðarfærum (gildrum), netum og öðrum hlutum.

Með lífrænum efnasamböndum tins er í þessum reglum átt við efnasambönd þar sem tin er bundið alkýl- eða akrýl-efnahópum.

2. gr.

Bann og undantekningar.

Bannað er að nota gróðurhryndin efni sem innihalda lífræn efnasambönd tins. Undanþegin þessu banni er þó eftirfarandi notkun lífrænna efnasambönda tins:

1. *Skip lengri en 25 metrar að mestu lengd.*

Skipasmíðastöðvar og útgerðir hafa heimild til þess að nota slíka málningu á skip lengri en 25 metrar að mestu lengd.

2. *Bátar úr áli.*

Heimilt er að nota slíka málningu á báta smíðaða úr áli.

3. *Annað.*

Heimilt er að nota slíka málningu á yfirborð þess hluta vélbúnaðar sem er utanborðs og í vatni eða sjó, utanborsvélar eða aðra hluti úr léttmálm og eru neðan vatnsborðs.

Siglingamálastofnun ríkisins getur ákveðið að bann samkvæmt 1. mgr. skuli einnig gilda fyrir báta smíðaða úr áli og skip lengri en 25 metrar, enda séu þeir bátar og skip einkum í strandsiglingum.

3. gr.

Eftirlit.

Siglingamálastofnun ríkisins annast eftirlit með framkvæmd þessara reglna.

4. gr.

Viðurlög.

Brot gegn reglum þessum varða sektum.

5. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 9. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, staðfestast hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1990 og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 22. desember 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ragnhildur Hjaltadóttir.